

Reglur um munnleg próf í lagadeild

Samþykktar á deildarfundum í lagadeild 14. janúar 2003

Tilhögun

Gert er ráð fyrir að próftaki dragi verkefni eða spurningar, þar sem fleiri kosta er völ. Ef tveir kennarar annast próf skulu þeir báðir vera staddir á prófstað, svo að möguleiki sé á að próftaki dragi efni af sviði hvors þeirra sem er. Ef þrír eða fleiri kennarar annast próf skulu a.m.k. tveir þeirra vera staddir á prófstað samtímis, svo að möguleiki sé á að próftaki dragi efni af fleiri en einu sviði. Einn kennari skal prófa hvern próftaka, ásamt prófdómara. Ef um er að ræða fleiri en eitt verkefni eða spurningar geta tveir kennarar prófað, hvor á sínu sviði.

Munnleg próf skulu að jafnaði standa minnst í 10 mínútur, en lengst í 20 mínútur, eftir nánari ákvörðun umsjónarkennara. Það er á hans valdi að ákveða hvort próftakar fá að undirbúa sig undir prófið, áður en það hefst, t.d. eftir að þeir hafa dregið verkefni eða spurningar. Ennfremur má haga prófi þannig að eftir að próftakar hafa leyst úr verkefni með fyrrgreindum hætti dragi þeir spurningu sem þeir svara síðan óundirbúið.

Miðað er við að próftakar fjalli um verkefni og svari spurningum sjálfstætt, án aðstoðar kennara eða prófdómara, nema ástæða sé til. Frekari spurningar út í prófsefni teljast að sjálfstöðu ekki aðstoð.

Einkunnir

Eftirfarandi lýsing á einkunnagjöf fyrir frammistöðu próftaka er til leiðbeiningar fyrir kennara og prófdómara:

Einkunn 10: Framúrskarandi frammistaða. Próftaki sýnir einstæða kunnáttu á prófsefni og setur það að auki fram á mjög greinargóðan og jafnframt frumlegan hátt.

Einkunn 9: Mjög góð frammistaða. Kunnátta próftaka á prófsefni er augljóslega mjög traust og hann kemur öllu, sem máli skiptir, til skila á greinargóðan hátt, villulaust og án aðstoðar.

Einkunn 8: Góð frammistaða. Próftaki kann í meginatriðum skil á prófsefninu og kemur því til skila á skilmerkilegan hátt. Engin afgerandi slæm villa. Aðstoð lítil.

Einkunn 7: Nokkuð góð frammistaða. Próftaki kann nokkurn veginn skil á aðalatriðum prófsefnisins þótt nokkuð vanti upp á kunnáttu, einkum á atriðum sem skipta minna máli. Þræði er haldið í frásögn. Beinir villur fáar. Aðstoðar þörf stöku sinnum.

Einkunn 6: Fullnægjandi frammistaða. Próftaki kann skil á meiri hluta þess sem máli skiptir varðandi prófsefnið. Þræði í frásögn haldið öðru hverju. Beinir villur nokkrar. Aðstoðar þörf af og til.

Einkunn 5: Slök og ófullnægjandi frammistaða. Próftaki kann skil á einhverjum hlutum prófsefnisins þótt kunnáttan sé glöppótt. Varla um neina sjálfstæða frásögn að ræða. Beinir villur fleiri en góðu hófi gegnir. Verulegrar aðstoðar þörf.

Einkunn 4: Mjög slök og ófullnægjandi frammistaða. Kunnáttu próftaka á prófsefninu er mjög ábótavant. Ekki um neina sjálfstæða frásögn að ræða. Mikillar aðstoðar þörf.

Einkunn 3: Alls ófullnægjandi frammistaða. Kunnátta próftaka á prófsefninu er nánast engin.

Ekki er ástæða til að gefa lægri einkunn fyrir frammistöðu á munnlegu prófi nema próftaki mæti ekki til prófs eða hafi ekkert fram að færa og svari aðspurður alls engu á prófi. Þá ber að gefa einkunnina 0.

Ef frammistaða próftaka er á mörkum ofangreindra flokka, svo og ef kennara og prófdómara greinir á um frammistöðuna, eru gefnar einkunnir í hálfum tölum, þ.e. 3,5, 4,5, 5,5 o.s.frv.

Sé um að ræða fleiri en eitt verkefni eða spurningar, sem hver próftaki á að leysa úr eða svara, skal hvor eða hver þáttur hafa jafnt vægi, nema annað sé tekið fram áður en prófið hefst. Skal heildareinkunn vera vegið meðaltal af einkunnum fyrir frammistöðu próftaka í hvorum eða hverjum prófþætti um sig.

Einkunnir skulu gefnar fljótlega eftir að síðasti próftaki hefur lokið prófi. Ef próf stendur í tvo daga skal ekki ganga frá einkunnum endanlega fyrr en í lok síðari dags.